



Leikskólinn í tölum

Febrúar 2026




Gagnasögur

Leikskólar og dagforeldrar | Reykjavík,
Gagnahlaðborðið

Gagnasögur ný leið til að nálgast ýmsa tölfræði um borgina, útskýrða á mannamáli.

Stöðugt verið að bæta við sögum og gögnum beintengdum úr gagnalindum – þessi kynning byggir m.a. á gagnasögunum og fleiri sögum sem eru í þróun og mun verða bætt við gagnasögurnar og gagnagáttina í framtíðinni






Í Reykjavík eru starfræktir **83 leikskólar**.

- **68** borgareknir
- **18** sjálfstætt starfandi
 - Þar á meðal eru tvær leikskóladeildir fyrir 5 ára börn í sjálfstætt starfandi grunnskólum



Fjöldi barna í leikskólum

eftir árum og tegund leikskóla



Hér sést þróun á fjölda barna í öllum leikskólum í Reykjavík á árunum 2009-2025. Talsverð breyting varð á árunum 2014-2018 þegar leikskólabörnum fækkaði úr 6.784 í 5.948 börn en þá var starfsumhverfi leikskólabarna og starfsfólks bætt og börnum í rými fækkað í nokkrum áföngum. Frá 2018 fjölgaði leikskólabörnum svo aftur vegna fjölgunar leikskólaplássna og voru þau **alls 6.519 árið 2025.**

2025

5.248 börn í borgarreknum leikskólum


1.271 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum



Þróun fjölda rekstarleyfa

eftir árum og tegund leikskóla

Hér má sjá þróun rekstarleyfa, þ.e. hversu mörg börn leikskólar hafa heimild til að sinna ár hvert frá árinu 2009. Á þessari mynd sést fækkunin þegar starfsumhverfið var bætt og sú uppbyggingin sem hefur átt sér stað frá 2019 fyrir tilstuðlan aðgerðaráætlunar Brúum bilsins.





Brúum bilið

Í nóvember 2018 samþykkti borgarstjórn aðgerðaráætlun Brúum bilsins sem miðar að því að fjölga leikskólaplássum.

[Brúum bilið | Reykjavík](#)

Alls hefur rúmlega **900** nýjum rekstrarleyfum verið bætt við frá árinu 2019, með því að opna nýja borgarekna leikskóla eða stækka eldri leikskóla. Þá var veitt leyfi fyrir ríflega 400 nýjum rekstrarleyfum í sjálfstætt starfandi leikskólunum frá 2019.

Alls mun leikskólaplássum í borginni fjölga um 2.000 á árunum 2019 til 2026 samkvæmt þessari áætlun.





Nýting leikskólaplássa

Við innritun þarf að tryggja bæði nægan mannauð og að húsnæði sé í viðunandi ástandi til að sinna faglegu leikskólastarfi.

Viðhald og lokanir

Ráðist hefur verið í mörg stór viðhaldsverkefni undanfarin ár og mörg í gangi. Af þeim sökum hefur þurft að loka leikskólum og leikskóladeildum tímabundið á meðan framkvæmdum standur.

Rúmlega 600 leikskólapláss eru í dag ónýtanleg vegna viðhaldsmála. Húsnæði er smám saman að koma aftur í notkun, samhliða stöðugri viðhaldsvinnu til að fyrirbyggja að stærri aðgerða verði þörf í framtíð.

Laus pláss

Að jafnaði eru um 1-3% leikskólaplássa sem rekstrarleyfi eru fyrir laus í borgarreknum leikskólum. Um er að ræða veltupláss þar sem stöðug hreyfing er á börnum, m.a. vegna flutninga og vegna tímabundinna aðstæðna og mönnunar

Innritun sjálfstætt starfandi leikskóla

Sjálfstætt starfandi leikskólar ákveða sjálfir hversu mörg börn þau innrita innan heimilaðs ramma rekstrarleyfa.


Þetta skýrir hvers vegna fjölgun leikskólabarna er minni en ætla mætti þrátt fyrir þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað. Nýting rekstrarleyfa hefur verið um 87%.




Fjöldi leikskóla og barna í leikskólum

eftir hverfum

Flest eru leikskólabörnin í Breiðholti



En þar eru jafnframt flestir borgarreknu leikskólanna.




Leikskólarnir eru misstórir. Að meðaltali eru um 90 börn á hverjum leikskóla, sá minnsti er með 46 börn og sá stærsti með 197 börn.



Hvað eru leikskólabörn í Reykjavík gömul?

Fjöldi barna í leikskólum eftir árum og aldri



Leikskólaplássum er úthlutað eftir aldri, það þýðir að elstu börnin fá úthlutað plássum fyrst. Miðað er við að þau börn sem eru orðin 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð í leikskóla það sama haust, því eru fæst börn í aldurshópnum **0-1 árs**. Þeim hefur þó **fjölgað** talsvert á milli ára, eða **úr 368 börnum árið 2011 í 749 börn árið 2025**. Í öðrum aldurshópum en þeim yngsta er fjöldi barna í kringum 1.300 - 1.700 börn sem endurspeglar stærð árganganna.


Árleg tölfræði er tekin saman um mánaðarmót okt/nóv ár hvert.



Hvar eru yngstu borgabúarnir í þjónustu?

Hér má sjá þá þau börn sem eru með lögheimili í Reykjavík og eru á leikskólaaldri og yngri, eftir því hvort þau eru í leikskóla, hjá dagforeldri, á biðlista, búin að fá úthlutað leikskólaplássi en hafa ekki byrjað eða eru ekki á skrá í þjónustu skv. gögnum borgarinnar, eftir fæðingarárgöngum.

Hvar eru börnin



Ekki eru öll börn með lögheimili í Reykjavík að sækjast eftir leikskólavist í borginni en alltaf er eitthvað um að börn með skráð lögheimili í Reykjavík séu búsett erlendis eða að fara að flytja frá borginni.

Aðeins lítill hluti 2025 fæðingarárgangsins er orðinn 12 mánaða þegar þetta er ritað.



Hvað eru þá mörg börn á biðlista?

- Þann 9. febrúar voru **912** börn 12 mánaða og eldri á biðlista og af þeim eru **277** í vistun hjá dagforeldri. Um er að ræða börn sem eru ekki skráð í aðra leikskóla í Reykjavík en einhver þeirra gætu verið með leikskólavistun í öðru sveitarfélagi eða landi.
- Plássum er úthlutað fyrir haustið í mars og apríl en umsóknir sem berast eftir þann tíma eru afgreiddar síðar. Plássum er úthlutað í kennitöluröð, þar sem elstu börnin fá boð fyrst.





Innritun í leikskóla

Miðað er við að þau börn sem eru orðin 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð í leikskóla það sama haust.

Hér geta foreldrar lesið meira um innritun í leikskóla

[Innritun í leikskóla | Reykjavík](#)

Foreldrar geta ráðfært sig við Leikskólareikninn til að fá áætlaða stöðu síns barns á biðlista miðað við fæðingardag barnsins.

Athugið!

- ✓ Leikskólareiknirinn byggir á lifandi gögnum svo biðlistar geta breyst frá degi til dags.
- ✓ Niðurstöður eru ekki loforð um pláss og þær eru ekki umsókn um leikskóla heldur er sótt um í gegnum umsóknarvef

[Leikskólareiknirinn | Reykjavík](#)

Reynt er eftir fremsta megni að bjóða upp á fyrsta og annað val og jafnframt er reynt að sameina systkin á leikskóla þar sem það er mögulegt.





Innritunardómínó - dæmi

Innritun er marglaga og flókið ferli og snýr ekki bara að innritun barna sem ekki eru í leikskóla í dag.



Fjóla er á leikskólanum Langholti, hún er að fara í Langholtsskóla í haust



Baldur er í Ævintýraborg Vogbyggð þar sem hann er búinn að vera frá því í október þegar hann byrjaði í leikskóla 20 mánaða. Næsta haust verður hann því 32 mánaða. Foreldrar hans sóttu um flutning yfir í leikskólann Langholt. Honum býðst flutningur þegar Fjóla fer í grunnskóla.



Ævintýraborgin í Vogabyggð hefur nú boðið Pawel plássið sem mun losna þegar Baldur flytur um leikskóla. Pawel er í sjálfstætt starfandi ungarnaleikskólanum Krílaseli sem getur nú farið að bjóða í það pláss sem losnar þegar Pawel flytur, en Krílasel er hugsanlega varkært í að bjóða plássið hans Pawels því þeir vita að það getur tekið tíma að bíða eftir að Pawel fái boð í aðlögun í nýja leikskólanum því Ævintýraborgin þarf að vera viss um að Langholt verði búð að taka Baldur inn áður en þau geta gefið Pawel dagsetningu á aðlögun.

Alls fengu **1091** samþykktan flutning milli leikskóla árið 2025




Öldugangur biðlistans

Almennt eru börn tekin inn í leikskóla að hausti þegar elsti árgangurinn fer upp í grunnskóla

Úthlutun leikskólaplássa fyrir haustið fer fram í mars/apríl ár hvert, umsóknir sem berast eftir þann tíma eru afgreiddar síðar. Plássu er úthlutað til barna eftir aldri, þeim elstu fyrst.

Biðlistinn er því minnstur eftir stóru úthlutunina en í hverjum mánuði bætist við hópur barna sem verður 12 mánaða á biðlistanum. Hér má sjá öldugagn biðlistans frá miðju ári 2021.

Fjöldi barna sem eru 12 mánaða og eldri á biðlistum eftir leikskólum í borginni – hver barn talið einu sinni




Gögnin eru byggð á fyrri úrvinnslum en ekki beintengingu við gögnin, sagan mun safnast upp mánaðarlega frá og með haustinu 2025 beint úr gagnalandslaginu og birt í gagnagáttinni þegar um ár af mánaðarlegum gögnum hefur verið safnað.

Á árinu 2025 voru biðlistar sjálfstætt starfandi leikskólanna ekki inn í Völunni og því ekki inni í tölunum en mörg barnanna voru þá á biðlista hjá þeim og á biðlista fyrir borgarekna leikskóla. Því var erfitt að segja til fyrr en að hausti hversu mörg börn væru í raun að bíða eftir leikskólaplássi. Árið 2025 fóru sjálfstætt starfandi leikskólarnir inn í Völuna og því um eiginlega biðlista að ræða.



Hvað eru leikskólabörn í Reykjavík gömul?

Fjöldi barna í leikskólum eftir árum og aldri



Eins og hægt er að sjá á hvað leikskólabörnin í Reykjavík eru gömul eru árgangarnir sem eru að fara upp í skóla misstórir eftir árum.



Á árunum 2018-2021 voru 5 ára börnin aldrei fleiri en 1400.



Stærðir fæðingarárganga

Börn á leið út og inn

● Á leið í skóla ● Á leið í leikskóla




Þegar stórir árgangar fara upp í skóla losna fleiri leikskólapláss en þegar minni árgangar fara upp í grunnskóla. Biðlistar eiga því til að lengjast þegar fámennir árgangar fara upp í grunnskóla og stórir árgangar bætast í hóp þeirra sem sækja um pláss í leikskóla. Í [leikskólareikninum](#) kemur fram hversu mörg börn í hverjum leikskóla fara upp í grunnskóla að hausti.

Árin 2018 – 2023 voru þeir árgangar sem voru að fara upp í grunnskóla mun minni en þeir sem voru að koma inn.

Í haust munu **1447** reykvísk leikskólabörn hefja grunnskólagöngu sína.



Áhrif árgangastærða á biðlista - dæmi






Biðlistinn að hausti undanfarin ár

Þrátt fyrir óhagstæðar árgangastærðir og áskoranir í húsnæðismálum undanfarin ár hefur biðlistinn ekki lengst mikið milli ára heldur styst m.a. þökk sé uppbyggingu á leikskólum í gegnum verkefni Brúum bilsins.

[Brúum bilið | Reykjavík](#)

Fjöldi barna 12 mánaða og eldri á bið eftir leiskólavistun 1. september






Fjöldi og aldur barna á biðlistum eftir leikskólaplássi

Hér sést aldursdreifing barna á biðlista í leikskóla í borginni þann 2. febrúar. Flest börn á biðlista eru á aldrinum 12 - 17 mánaða. Flest elstu barnanna á biðlista eru að flytja til borgarinnar.


Biðlistagögnin uppfærast daglega í gagnahlaðborðinu en þetta graf var tekið þaðan þann 2. febrúar 2026.

Aldursdreifing barna á biðlista í leikskólum þar af fjöldi barna hjá dagforeldri





Biðlistarnir eftir hverfum og aldri barna





Fjöldi með úthlutað plássi - boðna vistun

Börn sem hefur verið úthlutað leikskólaplássi færast af biðlista yfir á lista yfir börn með boðna vistun.

Þau börn sem fá úthlutað plássi í stóru innrituninni hefja oftast nær vistun frá og með hausti þegar elsti árgangurinn fer upp í skóla og því getur nokkur tími liðið frá úthlutun að upphafi vistunar.

Í gagnasögunum er haldið til haga hversu mörg börn hafa fengið úthlutað plássi en eru ekki byrjuð:

35 börn hafa fengið úthlutað plássi en eru ekki byrjuð í leikskóla, þar af eru 2 hjá dagforeldri.




Þessi setning var tekin þaðan þann 9. febrúar síðastliðinn en talan uppfærist daglega eins og biðlistinn.



Hvert er útlitið fyrir að biðlistinn verði í haust?


Einfölduð sýn

Áætlaður fjöldi barna á leið í grunnskóla í haust
Samtals: **1452**



Áætlaður fjöldi og aldur barnanna á biðlistanum þann
1. sept. ef ekki yrði boðið í leikskóla - Samtals: **1554**

● 12-18 mánaða ● 18 mánaða og eldri





Smáa stóra letrið – því málin eru sjaldnast einföld

- Vegna óvissu varðandi verklok framkvæmda og vegna nýrra framkvæmda verður ekki innritað í nokkra leikskóla í stað þeirra barna sem fara upp í grunnskóla.
- Börn sem sækja um flutning eru oftari eldri en þau sem eru að sækja um fyrsta skipti, svo þau geta haft áhrif á hversu gömul börn komast inn á leikskóla í ákveðnum hverfum.
- Börn sem eru í borgareknum ungarnaleikskólum þarf að koma í leikskóla fyrir eldri börn
- Börn sem hafa samþykktan forgang komast fyrir inn, stundum framfyrir eldri börn
- Ástand í ákveðnum hverfum borgarinnar er snúið, sérstaklega í Laugardal, Vesturbæ og Fossvogi
- Að lokum er á áætlað að opna fleiri leikskóla og leikskóladeildir og einhverjum viðhaldsframkvæmdum er að ljúka en erfitt að segja nákvæmlega til um verklok



Hvað eru börnin gömul þegar þau byrja í leikskóla?


Þótt börnin fái boð um leikskólapláss í mars og apríl þá hefja þau oftast nær ekki leikskóladvöl sína fyrr en að hausti þegar elsti árgangur leikskólans hefur grunnskólagöngu sína

Hér má sjá aldursdreifingu barna sem hófu vistun frá ágúst til nóvember 2025 í mánuðum skipt eftir því hvort þau byrja í borgareknum eða sjálfstætt starfandi leikskólum.

Flestir leikskólanna sem gera út á að sinna yngstu börnunum - svokallaðir ungarnaleikskólar - eru sjálfstætt starfandi

Aldursdreifing við inntöku

Vistun hafin 01/08/25-01/11/25






Meðalaldur við upphaf vistunar

Börn hefja vistun á öllum aldri. Sum þeirra eru að flytja til borgarinnar frá öðrum sveitarfélögum eða öðrum löndum og ekki er ljóst hvort þau hafa áður verið í leikskóla eða ekki.

Á grafinu má sjá meðalaldur þeirra barna sem áætlað er að séu að hefja sína fyrstu leikskólagöngu í ágúst og september. Í framtíðinni verður tekinn saman fjöldinn í ágúst til nóvember þegar flest ef ekki öll börnin eru byrjuð í aðlögun. Fyrir allt árið 2025 er meðalaldurinn 19,3 mánaða.

Meðalaldur barna við inntöku í leikskóla í Reykjavík í ágúst og september ár hvert frá 2022



Aðeins er horft til þeirra sem eru með umsókn fyrir 12 mánaða aldur og til þeirra sem eru yngri en 36 mánaða þar sem eldri börnin eru mjög líklega ekki að hefja sína fyrstu leikskóla göngu heldur er að flytja til borgarinnar. Á hverju ári er þónokkur fjöldi sem hefur sína fyrstu leikskólagöngu í borginni sem eru 4-6 ára gömul og myndi það skekkja meðalatalið.



Drauma meðalaldurinn

Ef við náum þeirri óskastöðu að geta boðið öllum börnum sem verða orðin 12 mánaða leikskólapláss að hausti þá verður meðalaldur barnanna aldrei lægri en 17,5 mánaða.

Að hausti er meðalaldur þeirra barna sem verða 12 mánaða á skólaárinu 17,5 mánaða.

Þar sem börn flytja til borgarinnar og hefja ekki öll vistun þann 1. september ár hvert verður meðalaldurinn ekki lægri en þetta nema hægt sé að bjóða börnum pláss á miðju skólaári.

Meðalaldur barnanna sem byrjuðu í leikskóla árið 2025 var 19,3 mánaða.





Betri mælikvarðar á hvernig gengur að innrita

Hversu lengi þurfa börnin að bíða frá því að þau eru 12 mánaða (eða bætast við biðlistann ef eldri) þar til þau byrja í leikskóla

Hlutfall barna sem verða eins árs á árinu eru komin með leikskólavistun




Hversu lengi þurfa börnin að bíða þar til þau hefja vistun?

Hér má sjá meðalfjölda mánaða sem börn voru á biðlista þar til þau hefja vistun. Þ.e. hversu margir mánuðir líða frá því að börnin verða 12 mánaða og þar til þau byrja í leikskóla, eða frá þeim aldri þegar vistunarumsókn berst, ef sótt er um fyrir þau eftir að þau verða 12 mánaða.

Árið 2025 var meðal mánaðarfjöldi þeirra sem eru með umsókn um fyrstu vistun 7,5 mánuðir.

Meðal biðtími þar til vistun hefst
Umfram 12 mánaða






Hlutfall barna sem er komið í leikskóla árið sem þau verður 12 mánaða

Þar sem stærð árganganna hefur áhrif á hversu mörg börn komast inn ár hvert þá er önnur leið til að mæla árangur hversu stórt hlutfall barna í yngsta fæðingarárganginum eru komin með leikskólavistun.

Hér má sjá fjölda barna sem fögnuðu eins árs afmæli sínu á gefnu ári eftir því hvort þau eru komin með leikskólavistun (græn) í lok árs eða ekki (blá) það sama ár.


51,6% barna sem urðu 1. árs á árinu 2025 voru byrjuð í leikskóla á árinu 2025. Athugið að um fjórðungur þeirra verður 12 mánaða eftir 1. september.

Hlutfall barna í Reykjavík sem komin eru í leikskóla
Í lok árs árið sem þau verða 1 árs





Fjöldi barna á fyrsta aldursári og hlutfall þeirra sem eru í leikskóla í Reykjavík frá 2010-2025



Sambærileg tölfræði og á fyrri glæru en byggð á samsettri tölfræði og því ekki eins nákvæm. Fjöldi barna á fyrsta aldursári í leikskóla og ekki í leikskóla og hlutfall barna sem eru í leikskóla af árgangi. Heildarfjöldi barna á á 1.ári þann 1. janúar hvert ár er fenginn frá Hagstofu Íslands en fjöldi leikskólabarna er fenginn út árlegri tölfræði skóla- og frístundasviðs sem miðast við fjölda barna á fyrsta aldursári í október sama ár. Fyrri mynd er nákvæmari þar sem þau endurspeglar þau börn sem sækjast eftir vistun en þau gögn ná ekki lengra aftur en til 2018.



Eru börnin að komast að í sínu hverfi?

Hvar foreldrar sækja um fyrir börnin sín fer ekki alltaf eftir lögheimili barnsins þegar sótt er um. Eftir tilkomu leikskólareiknisins eru foreldrar yngri barna oft að setja leikskóla í 1. val og 2. val sem þeir telja meiri líkur á að barnið komist að í, en ekki endilega í því hverfi þar sem það er búsett. Því er frekar horft til þess hvort að barn fékk úthlutað sínu 1. 2. eða 3. vali.

Þau börn sem voru með virka umsókn þann 3. mars þegar stóra innritunin hófst og þar til 14. apríl þegar aftur var opnað fyrir umsóknir í fyrra fengu um 71% barnanna úthlutað fyrsta vali, um 13% prósent öðru vali og 6% þriðja vali. Samtals fengu því 84% sitt fyrsta eða annað val í stóru innrituninni 2025.





Hér má sjá hvaða val börn fengu úthlutað eftir því hvar lögheimili þeirra er staðsett.


Leikskólinn á Kjalarnesi er í stakk búinn til að taka á móti öllum börnunum í hverfinu.

Í Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi fá flest börnin sitt fyrsta eða annað val.

Hvar börn enda í vistun - val á umsókn

Börn sem hófu nýja leikskólavist á síðasta ári

Val á umsókn ● 1 ● 2 ● 3 ● 4 ● 5 ● 6 ● 7



Lögheimilishverfi barns



Fáliðun

Sem afleiðing af lögbundnum breytingum í kjarasamningum um aukinn undirbúningstíma og styttri vinnuviku hefur stundum reynst leikskólum erfitt að vera með nægan mannskap til að sinna þjónustu við börnin og grípa hefur þurft til þess ráðs að senda börnin heim hluta úr degi eða heilan dag. Reynt er eftir fremsta megni að þurfa ekki að grípa til slíkra ráðstafana.

Tillögur að breytingum á leikskólakerfinu, sem ætlað er að mæta þessum vanda, voru settar fram í samráðsgátt til umsagnar seinni part síðasta árs. Nágrannasveitarfélögin hafa mörg hver gripið til einhverra ráðstafana til að bregðast við m.a. til að fækka þeim tilvikum sem grípa þarf til fáliðunar.

Árið 2025 þurftu **57** borgareknir leikskólar að grípa til fáliðunar einhvern tíman á árinu.


Þessar lokanir höfðu áhrif á 3900 leikskólabörn. Það er sá fjöldi sem hefur einhvern tíman þurft að fara heim hluta úr degi eða heilan dag á árinu. Flest hluta úr degi og einu sinni yfir árið.





Fjarvera barna vegna fáliðunar 2025

Fjöldi barna fjarverandi eftir fjölda skipta sem það er fjarverandi 2025




Hér má sjá hversu mörg börn voru fjarverandi hluta úr degi eða allan daginn árið 2025 eftir því hversu mörg skipti börnin þurftu frá að hverfa.

Leikskólastjórar biðla til þeirra foreldra sem eiga auðveldara um vik að vera með börnin heima. Foreldrar sem eru í fæðingarorlofi hafa því oft verið tillitsamir og boðist til að taka börnin sín heim. Því er alltaf nokkur fjöldi barna sem hefur verið mjög marga daga heima vegna fáliðunar en börnin hafa ekki verið send heim svona oft.



Tekist hefur að draga úr fáliðun

Tekist hefur að draga úr þeim dögum sem grípa hefur þurft til fáliðunar en staðan er viðkvæm og lítið má útaf bregða





Reykjavík